



Kristín Norðdahl ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands:



The outdoor environment in children's learning

Útiumhverfið í námi barna

Athöfnin fer fram þriðjudaginn 13. október nk. kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Margaret Kernan forstöðumaður Tilburg International Child Development Initiatives (NGO), Leiden, Hollandi og dr. Tim Waller, prófessor við Anglia Ruskin Háskólann Bretlandi.

Leiðbeinendur voru dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, aðalleiðbeinandi, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og meðleiðbeinandi dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Auk þess sat í doktorsnefndinni dr. Gunnhildur Óskarsdóttir dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Dr. Ólafur Páll Jónsson, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Þriðjudaginn 13. október nk. kl. 13.00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Kristín Norðdahl ritgerð sína

The outdoor environment in children's learning á íslensku Útiumhverfið í námi barna.

Um verkefnið

Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka hlutverk útiumhverfis í námi barna. Í því skyni voru gerðar voru fjórar hlutarannsóknir. Í fyrstu hlutarannsókninni var athugað hvað einkenndi orðræðu um hlutverk útiumhverfis í námi barna í stefnuskjölum yfirvalda, bæði á landsvísu og í einstökum sveitarfélögum. Í annarri hlutarannsókninni voru hugmyndir kennara um hlutverk útiumhverfis athugaðar. Í þriðju hlutarannsókninni voru hugmyndir barna og óskir um hvað þau vildu gera úti athugaðar. Í fjórðu hlutarannsókninni var athugað hvernig kennarar notuðu útiumhverfið í námi barna.

Niðurstöðurnar benda til að stefnumótendur, kennarar og börn meti útiumhverfi mikils sem námsumhverfi. Fjögur meginþemu um hlutverk útiumhverfis í námi barna mátti sjá í öllum hlutarannsóknunum. Útiumhverfið var álitid og notað sem staður til að: (a) ýta undir leik og nám barna, (b) efla líkamlega og andlega vellíðan barna, (c) taka áhættu og finna fyrir öryggi og (d) hafa áhrif á viðhorf barna til umhverfisins. Á óvart kom þögn um útiumhverfi sem námsumhverfi skóla í lögum og reglugerðum svo og áhersla sveitarfélaga á að ýta undir stolt íbúa af umhverfinu. Einnig kom í ljós að umræðan um útiumhverfi tengdist ekki öllum þeim þáttum sem taldir eru mikilvægir í námi barna, svo sem kyngervi þeirra, mismunandi bakgrunni eða ólíkri getu þeirra.

About the project

The aim of this research was to investigate the role of the outdoor environment. To that end, four studies were conducted. Study 1 investigated discourse on the role of the outdoor environment in children's learning in policy documents, both countrywide and on a municipal level. Study 2 investigated how teachers viewed the role of the outdoor environment in children's learning. Study 3 investigated children's views and preferences of the outdoor environment. Study 4 investigated how teachers used the outdoor environment in children's learning.

The findings indicate that policy makers, teachers, and children see the outdoor environment as having a high status as a learning environment. Four major themes about the role of the outdoors could be identified across the four studies. The outdoor environment was seen and used as a place: (a) to further children's play and learning; (b) to promote children's physical and mental well-being; (c) for children's risk-taking and safety; and (d) to form children's views and attitudes towards the environment. It was surprising to find a silence about the outdoor environment as a school-learning environment in the legislative documents as well as the emphasis in municipalities' policy documents on local pride. Also it appeared that discussion regarding the outdoor environment does not involve all aspects important in children's learning, such as gender, children's diverse backgrounds, or abilities.

Um doktorsefnið

Kristín Norðdahl (f. 1956) starfar sem lektor við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar í starfi og rannsóknum tengjast aðallega náttúrufræðimenntun, umhverfismennt og menntun til sjálfbærni, sem og útinámi og útikennslu. Kristín hefur Fil. cand. próf í líffræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og meistaraþróf í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Kristín hefur reynt af kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi og hefur starfað við kennaramenntun frá 1985, fyrst í

Fósturskóla Íslands og síðar í Kennaraháskóla Íslands og á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún hefur tekið þátt í rannsóknar- og þróunarstarfi í leik- og grunnskólum á sínu rannsóknarsviði. Einnig hefur hún unnið að rannsóknar- og þróunarverkefnum með öðrum kennaramenntunar-stofnunum á Norðurlöndum, Skotlandi, Nýja - Sjálandi og Ástralíu.

Kristín er gift Kristni Guðmundssyni, sjávarlíffræðingi, og eiga þau börnin Snorra, Önnu Rúnu, Grím og Birki og fimm barnabörn, þau Önju Kristínu, Lilju Maríu, Söru Helenu, Baldur Mána og Iðunni Heklu.